

Nd.

542. Frumvarp

til laga um dánarskýrslur.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Prestur má ekki jarðsetja lík neins manns, er dáið hefir í kaupúni, sem er læknissetur, fyr en hann hefir fengið dánarvottorð hans frá lækni þeim, er stundaði hinn látna í banalegunni. Vottorðið skal læknir láta í té ókeypis, ritað á eyðublað, er landlæknir lætur gera; skal þar tilgreina nafn hins látna, lögheimili, stöðu, dánardægur, dánarár og dauðamein.

Nú deyr maður í kaupúni sem er læknissetur, og er ekki auðið að ná í lækni þann, er stundaði hinn látna, eða hafi enginn læknir séð hann í bana-

legunni, þá skal innan sólarhrings frá andlátinu sækja héraðslækni, eða annan löggiltan lækni, búsettan í kaптúninu, ef kostur er, til að skoða líkið og semja dánarvottorð. Fyrir þá líkskoðun fær læknir 1 kr. Skal greiða þann kostnað úr andssjóði.

2. gr.

Þá er prestur jarðsetur lík manns, er dáíð hefir utan kaптúns, sem er læknissetur, skal hann, auk venjulegra atriða (nafns, aldurs, stöðu, dánardægurs og greftrunardags), rita í kirkjubókina dauðamein hins látna, eftir þeim skýringum, er hann getur beztar fengið.

3. gr.

Stjórnarráðið lætur prestum í té eyðublöð undir dánarskýrslur, og tilgreinir prestur þar dauðameinið, sbr. 2. gr., og getur þess stuttlega, við hvað stuðst sé. Skal semja skýrslur fyrir hvert prestakall eða hluta úr prestakalli í hverju læknishéraði.

Þessar skýrslur skal prestur senda héraðslækni sínum, ásamt dánarvottorðum, ef nokkur eru, svo og útdrátt úr manntalsskýrslu sóknarinnar um manntal kaптúnsins.

Héraðslæknir rannsakar skýrslurnar, er til dauðameinsins kemur, og bætir úr því, er hann finnur ábótavant; skal hann því næst semja eina dánarskýrslu fyrir allt héraðið eftir fyrirmælum landlæknis og senda þá skýrslu til hans ásamt öðrum ársskýrslum, og láta fylgja skýrslu prestanna.